

27. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 17. febrúar 2011 kl. 10:00. Mættir: Haraldur Benediktsson, Emma Eyþórsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Þórhallur Bjarnason, Stefán Logi Haraldsson, Álfheiður Sverrisdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor, og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Forföll boðuðu Jón Torfi Jónasson, og Ásmundur Einar Daðason.

Dagskrá:

1. Rektor setti fundinn fundinn og bauð sérstaklega velkominn nýjan fulltrúa nemenda, Álfheiði Sverrisdóttur.

2. Fundargerð 27. fundar. Samþykkt samhljóða að teknu tilliti til athugasemda.

3. Háskólanet. Á fundinn kom Ásta Bjarnadóttir verkefnisstjóri og kynnti verkefni um samstarf opinberu háskólanna. Lögð hefur verið fram verkefnisáætlun þar sem megináhersla er lögð á samræmd gæðakerfi og upplýsingakerfi vegna nemenda og kennslu. Jafnframt er lagt til að stoðþjónusta verði aukin og bætt með samstarfi um skipulag framhaldsnáms, hugbúnaðargerð, kennsluráðgjöf, skjalastjórnun og fleiri þætti. Verið er að setja af stað vinnu við undirbúning og framkvæmd einstakra samstarfsverkefna en innleiðing þeirra mun taka mismunandi langan tíma eftir eðli og umfangi allt að 2 – 3 ár. Í umræðum kom fram einróma stuðningur við verkefnið en jafnframt að mikilvægt sé að halda til haga sérstöðu LbhÍ í íslensku háskólasamfélagi og þeim verðmætum sem í henni eru fólgin, faglegum jafnt sem öðrum. Einnig að fylgja þurfi því vel eftir að samstarfið leiði til raunverulegrar hagræðingar í formi lægri útgjalda og/eða aukins og bætts starfs.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt: *Háskólaráð hefur kynnt sér og rætt vinnu við samstarf opinberu háskólanna og telur að hún feli í sér vandadan undirbúning sem hefur það að markmiði að auka gæði háskólastarfs í landinu og skapa hagræðingu. Háskólaráðið lýsir yfir stuðningi við verkefnið og þau skref sem þar er fyrirhugað að stíga í átt til aukins samstarfs háskólanna.*

4. Nemendagarðar. Rætt um stöðu nemendagarðanna á Hvanneyri en rekstur þeirra er í höndum sjálfseignarstofnunar sem hefur glímt við fjárhagslega erfiðleika frá árinu 2008. Vandséð er að varanleg lausn sé fólgin í öðru en að hluti áhvílandi skulda á fasteignunum verði felldur niður. Svipuð staða mun vera uppi í sambærilegum rekstri víðar um landið. Eftirfarandi ályktun var samþykkt: *Háskólaráð beinir því til stjórnenda LbhÍ að þeir beiti sér fyrir samningum við lánardrottna nemendagarða um varanlega úrlausn á fjárhagsstöðu þeirra og að leita eftir samstarfi við nemendagarða annarra háskóla með þetta að markmiði. Háskólaráðið áréttar þá miklu hagsmuni skólans sem felast í tryggu framboði af leiguhúsnaði við skólann og á þeim kjörum sem ásættanleg eru fyrir nemendur.*

5. Yfirferð frá síðasta fundi. Rektor fór yfir þróun mála frá síðasta fundi. Fram kom m.a. að “Grænni skógar”, námskeiðaröð LbhÍ á sviði skógræktar hlaut starfsmenntaverðlaun Fræðsluráðs og Menntar 2010 en markmið verðlaunanna er að styðja við nýsköpun og

framþróun starfsmenntunar. Einnig kom fram að í undirbúningi eru Hollvinasamtök LbhÍ og er formleg stofnun þeirra fyrirhuguð í tengslum við ársfund skólans í apríl.

Uppgjör ársins 2010 liggur ekki fyrir, ekki síst vegna þess að óljóst er hvort Fjármálaráðuneytið samþykkir að söluandvirði íbúðarhúsa sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun skólans fái tekjufært hjá skólanum. Samþykkt var eftirfarandi bókun: *Í rekstraráætlun LbhÍ fyrir árið 2010 sem samþykkt var af Menntamálaráðuneytinu var gert ráð fyrir sölu á 3 íbúðarhúsum í eigu skólans að verðmæti samtals 40 mkr. Heimild er fyrir sölunni í fjárlögum en þar er ekki kveðið á um ráðstöfun andvirðis þeirra. Háskólaráð leggur áherslu á að LbhÍ verði tryggð ráðstöfun á þessum fjármunum sem þá verði varið til viðhalds og stofnkostnaðar við aðrar byggingar skólans.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:25.